

151
26. okt.

AUGLÝSING

um sektargerðir lögreglumanna.

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 73 6. júlí 1961, um sektargerðir lögreglumanna, eru settar eftirfarandi reglur:

1. gr.

Sektarheimild lögreglumanna nær til eftirtalinna brota:

1. Brot á ákvæðum um stöðvunarskyldu (48. gr., sbr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958).
2. Brot á ákvæðum um biðskyldu (48. gr., sbr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958).
3. Brot á fyrirmælum um skoðun ökutækja (18.—19. gr. umferðarlaga nr. 26 1958).
4. Brot á ákvæðum um umferðarljós (III. kafli reglugerðar um umferðarmerki nr. 61 1959).
5. Brot á ákvæðum um stöðu og stöðvun ökutækja (51. gr., sbr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958).
6. Brot á ákvæðum um ljósaútbúnað ökutækja (5.—8. gr. og 53. gr. umferðarlaga nr. 26 1958).

2. gr.

Sektarupphæð fyrir hverja tegund brots samkv. 1. gr. skal vera sem hér segir: Brot samkvæmt 1.—4. tölulið varða sekt að fjárhæð kr. 150.00. Brot samkvæmt 5. og 6. tölulið varða sekt að fjárhæð kr. 100.00.

Þetta tilkynnist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. október 1961.

F. h. r.

Baldur Möller.

Ólafur W. Stefánsson.

152
28. okt.

REGLUGERÐ

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Eskifjarðarhreppi.

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Eskifjarðarhrepps, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt 0.70% af fasteignamatsverði hússins. Lágmarksskattur á íbúð skal þó vera kr. 100.00 á ári.

Sama gildir um önnur hús, er fá veitt vatni úr vatnsveitu hreppsins.

2. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 1. gr. skal greiða vatnsskatt fyrir hreyfivélar, gosbrunna, verkmiðjur, frystihús, baðhús, hvers konar þvottastöðvar, efnalaugar, veitingastaði, sláturhús, iðnfyrirtæki og fyrir vatn til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.